

Fyrsti fundur Delta deildar starfsárið 2011-12. þann 20. september 2011. Fundurinn var haldinn á Hellnum á Snæfellsnesi og hófst kl. 18.30.

Fundarkonur komu fyrst saman í Gestastofu Þjóðgarðsins Snæfellsjökll. Elísabet formaðurinn okkar bauð konur velkomnar og síðan tók Sæmundur landvörður til máls og sagði frá þjóðgarðinum, gömlum verstöðvum og lífi fólksins hér áður fyrr. Sérstaklega var áhugaverð frásögn hans af sjókonum fyrri tíma. Það er ljóst að margt athyglisvert er að skoða í þjóðgarðinum en það verður að geyma til síðari tíma. Þjóðgarðurinn er víst sá eini hér á landi sem nær niður að sjó.

Að þessu loknu héldum við í Fjöruhúsið, pínulítið veitingahús sem kúrir niður við fjöruborðið. Þar var fundur settur. Sigrún Jóhannesdóttir kveikti á kertunum. Elísabet rifjaði upp hvað tákn samtakanna þýða, flutti fréttir og fór yfir dagskrá vetrarins, sem stjórnin hefur sett niður. Fundardagar hafa verið ákveðnir í stórum dráttum þetta starfsár. Þema næstu tveggja ára eru *Frá orðum til athafna* og reynt verður að hafa dagskrána í anda þess. Elísabet kynnti nýja stjórn landssambandsins, Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Alfa deild er nýr formaður landssambandsins 2011-2013 og varaformaður er Brynhildur Anna Ragnarsdóttir Eta deild. Þá var borin var á borð sjávarréttarsúpa og heimabakað brauð, sem svangar Delta konur gerðu góð skil. Að því loknu var fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

Orð til umhugsunar flutti Jónína Þorgrímsdóttir. Henni var efst í huga ýmislegt sem hefur verið í fréttum undanfarna dag, um eitt og annað sem betur mætti fara í þjóðfélaginu, góður pistill hjá Jónínu.

Happdrættið var á sínum stað og sú heppna var Jónína Þorgrímsdóttir, skemmtileg tilviljun að hún kom með pakka, fyrir næsta happdrætti.

Fundir lauk um kl 21.30

Halldóra Jónsóttir, ritari.